

Jólin koma






Sýning á frumteikningum Tryggva Magnússonar við jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum í tilefni 80 ára útgáfuafmælis

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Desember 2012 - Ólafur J. Engilbertsson

Jólin koma



Árið 1932 kom út kvæðakver Jóhannesar úr Kötlum *Jólin koma* með vísum um íslenskar jólavættir. Tryggvi Magnússon myndskreytti bókina, en hann var þá þekktasti teiknari landsins. Bókin kom út á tíma sjálfstæðisbaráttunnar þegar þjóðararfurinn gekk í endurnýjun lífdaga. Þjóðsagnaminni voru færð nær þjóðinni og um leið mörkuð sérstaða íslenskrar menningar. Á fyrri hluta 20. aldar var litið á íslensku jólasveinana sem tröll en jólasveinar Tryggva minna frekar á bændur. Þeir eru í eðlilegri stærð og klæðaburður þeirra þótti kunnuglegur. Þannig færði Tryggvi íslensku jólasveinana nær börnunum og jafnframt varð smám saman til málamiðlun á milli íslensku tröllanna og ameríska jólasveinsins. Jólasveinarnir fengu að vera þrettán talsins og heita sínum gömlu nöfnum. Aftur á móti fóru þeir smám saman að klæðast sömu fötum og sá ameríski og gefa gjafir jafnframt því að halda sínum séreinkennum og hrekkjum. Jóhannes úr Kötlum notaði að mestu sömu nöfn á sveinana og séra Páll Jónsson á Myrká (1812-1889) sjötíu árum fyrr í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Með þessu kvæði sínu má segja að Jóhannes hafi sett í fastar skorður nöfn jólasveinanna, fjölda þeirra og í hvaða röð þeir halda til byggða. Landsbókasafn eignaðist árið 1989 frumeintök teikninganna í *Jólin koma*.



Jóhannes úr Kötlum (Jóhannes Bjarni Jónason) (1899-1972)

Jóhannes úr Kötlum var rithöfundur og ljóðskáld, þýðandi, farkennari og alþingismaður. Jóhannes samdi bæði bundin ljóð og prósaljóð og einnig nokkrar skáldsögur. Jóhannes fæddist að Goddastöðum í Laxárdal í Dölum en ólst upp frá sex mánaða aldri í Ljárskógaseli í sömu sveit. Foreldrar hans voru hjónin Jónas Jóhannesson og Halldóra Guðbrandsdóttir. Skammt frá Ljárskógaseli rennur áin Fáskrúð og þar eru svonefndir Katlar, fossar, hyljir og klettar, þar sem Jóhannes lék sér mikið í bernsku. Þegar hann gaf út fyrstu ljóðabók sína kenndi hann sig við þetta svæði og nefndi sig Jóhannes úr Kötlum. Jóhannes tók kennarapróf árið 1921 og stundaði kennslu við ýmsa skóla í Dalasýslu frá 1917 til 1932. Þá flutti hann til Reykjavíkur og kenndi einn vetur við Austurbæjarskólann en einbeitti sér síðan að ritstörfum og ritstjórn, fyrst í Reykjavík og síðan í Hveragerði, en fluttist aftur til Reykjavíkur 1959 og bjó þar til æviloka.



Tryggvi Magnússon (1900-1960)

Tryggvi Magnússon fæddist að Bæ í Steingrímsfirði á Ströndum. Hann lauk prófi frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri og stundaði nám í Kaupmannahöfn í tvö ár og fór svo til New York til náms í andlitsmyndagerð. Hann stundaði svo nám í málaralist í í Dresden og fluttist að námi loknu til Reykjavíkur. Stundum er sagt að Tryggvi hafi verið fyrsti teiknarinn sem hafði atvinnu af listgrein sinni. Hann teiknaði fornmannaspilin, sýslumerkin fyrir Alþingishátíðina 1930 og skjaldarmerki Íslands. Tryggvi var hvað þekktastur fyrir teikningar sínar í skopritið *Spegilinn*.